



Hafnarfjörður

MINNISBLAÐ

Afleysing í leikskólum og mönnun leikskóla

Hafnarfjörður, 16.2.2022

Undanfarið hefur gengið vel að manna lausar stöður í leikskólum Hafnarfjarðar og hefur fjöldi umsókna aukist við hverja auglýsingu og hefur verið umfram það sem verið hefur í haust. Til dæmis var búið að fullmanna 15 af 17 leikskólum um miðjan janúar skv. leikskólastjórum.

Rýnt var fyrir stuttu í stöðu veikinda í leikskólum og eru veikindi starfsmanna, bæði skammtíma- og langtímaveikindi, að hafa áhrif á starfsemi leikskólanna. Sem dæmi má nefna að það hefur áhrif á innritun barna og þar af leiðandi er ekki alls staðar verið að fullnýta leikskólaplássin sem leikskólar eiga að geta boðið uppá.

Til að bregðast við þessu hefur verið ákveðið að auglýsa afleysingarstörf við leikskóla Hafnarfjarðar. Auglýst verður eftir áhugasömum einstaklingum, störfin geta verið fjölbreytt og vinnutími og starfshlutfall mismunandi, eða í samkomulagi við leikskólastjóra hverju sinni.

Til að byrja með verður ein auglýsing fyrir alla leikskóla þar sem umsækjendur sækja um og geta leikskólastjórar mátað umsækjendur við þörf leikskólans hverju sinni. Afleysingin gæti verið nokkurra vikna afleysing í litlu starfshlutfalli í nokkurra mánaða í fullu starfi.

Sandra K. Jónsdóttir
Mannauðsráðgjafi